

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	1.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Friðbjófur Másson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið en ein ábending var settar fram í eftirlitinu er varðar orðalag tryggingaskirteinis vegna bráðamengunar hafs og stranda.

UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða olúbirgðastöð rekstraraðila á Eiðinu í Vestmannaeyjum. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 5.300 m³ af olíum og allt að 400 m³ af bensíni í geymum félagsins. Búnaði til móttöku og afhendingu á olíum og rekstri löndunar- og afgreiðslulagna á bryggju. Gegnumstreymi bensíns skal vera minna en 5.000 tonn á ári. Einnig er heimil móttaka á 1.000 tonnum af úrgangsolíu í stöðinni.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits 2019 og það uppfært miðað við núverandi stöðu. Í síðasta eftirliti komu fram tvö frávik frá ákvæðum starfsleyfisins er varða stíflað niðurfall á áfyllingaplani og botnþykktarmælingu geyma. Brugðist var strax við frávikunum og engin eftirfylgni varð vegna þeirra.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum né umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti og ekkert er fyrirhugað í þeim efnum. Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók sem og útprentað í rekstrarhandbók sem aðgengleg er í stöðinni. Litið var yfir skráningar á mánaðarblöð í rekstrarhandbók sem og önnur skjöl og ekki gerðar athugasemdir þar um. Áætlanir eru rýndar miðlægt með reglulegum hætti og nýjar uppfærslur vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók. Teikning af stöðinni, flæðirit og viðbragðsáætlun var sýnilegt upp á vegg í starfsstöð. Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 gildir til ársins 2023.

Allir olúgeymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum, alls 11 geymar. Geymar merktir T1080 (900.02.00) og T1057 (900.04.00) voru þykktarmældir nú í ár og áframhaldandi notkun þeirra samþykkt. Næst skal mæla geyma merкта T2024 (900.01.00) og T2025 (900.03.00) árið 2024. Tvær lagnir liggja niður á bryggju, þ.e. olíulögn og bensínlögn. Voru þær þrýstiprófaðar árið 2019 og áframhaldandi notkun þeirra samþykkt. Skv. gr. 4.2 í starfsleyfi skal þykktarmæla geyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti. Öll afgreiðsla á geymanna er frá olíuflutningsskipinu Keili sem er í eigu rekstraraðila.

Undantöppun geyma fer nú öll í efnabamba og þaðan aftur yfir í olúgeymi eftir fellingun, engin undantöppun fer í olíuskilju eins og áður var.

Olíuskiljur skulu þjónustaðar á minnst 6 mán fresti skv. gr. 3.5 í starfsleyfi. Sjálfvirkir olíuskynjarar eru staðsettir í frárennsli stöðvarinnar og loka þeir fyrir streymi út úr stöðinni ef olía skynjast í frárennslinu. Olíuskynjarar eru þjónustaðir og prófaðir með reglulegu millibili. Taka skal sýni að lágmarki þriðja hvert ár úr olíuskiljum skv. gr 4.2 í starfsleyfi og skal sýni tekið næst tekið árið 2022. Olíuskiljan í austurportinu var

síðast tæmd í maí sl. af Hreinsitækni ehf. Lítið sem ekkert álag er á skiljunni í vesturportinu svo ekki þótti ástæða til að tæma hana.

Bensín er geymt í stöðinni en samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin í Vestmannaeyjum fellur undir þetta ákvæði og hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Lítill sem engin úrgangur kemur frá stöðinni og ekki hefur orðið breyting á tilhögun úrgangsflokkunar og söfnunar í stöðinni frá síðasta eftirliti. Allur úrgangur, þ.m.t. olíumengaður úrgangur og önnur spilliefni fara í Kubb, úrgangsmóttökustöð sveitarfélagsins.

Gengið var um stöðina, lekavarnir, olíuskiljur og girðingar voru skoðaðar og ekki gerðar athugasemdir þar um. Hlið stóðu opin við komu en starfsemi var á svæðinu er eftirlitið fór fram og starfsmaður til staðar í stöðinni. Einnig var farið að löndunarlögnum á bryggju og aðstaðan þar skoðuð. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Engar ábendingar voru settar fram við skoðunina.

ÁBENDINGAR

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir en ábending er sett fram um að skýra þurfi orðalag tryggingarskýrteinisins þannig að ljóst sé að hámarks upphæð tryggingarinnar, 1 milljón SDR, eigi við um tjón í starfsstöðinni í Vestmannaeyjum en deilist ekki niður á allar stöðvar rekstraraðila innan hvers vátryggingatímabils.


ANNAÐ

Engar ábendingar eða kvartanir vegna starfseminnar hafa hvorki borist rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 27.10.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir